

Skólaráðsfundur

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar		
	Þriðji fundur skólaráðs		
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
8. desember 2015	(08:10 – 9:30)	Skólastjórnaskrifstofa, Hjalla	4
Fundarboðandi	Fundarritari	Fundarstjóri	Fj. bls.
Sigrún B.	Sigrún Erla	Sigrún B.	2

Boðaðir voru:
Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Pálsdóttir, Selma Guðmundsdóttir, Karl Einarsson, Sigrún Erla Ólafsdóttir, Ragnar Gíslason, María Kristín Jóhannesdóttir, Sólveig Rún Rúnarsdóttir, Andrea Þórey Sigurðardóttir og Stefán Hjörleifsson.
Mættir voru:
Allir boðaðir nema Ragnar Gíslason, María Kristín Jóhannesdóttir og Stefán Hjörleifsson sem boðuðu forföll
Málefni fundar:
<ol style="list-style-type: none"> 1. Skólanámsskrá 2. Niðurstöður samræmdra prófa og úrbætur 3. Fjárhagsuppgjör (frestast vegna þess að fundur hjá Kópavogsbæ frestaðist vegna veðurs) 4. Starfsreglur sérdeildar Álfhólsskóla fyrir nemendur með einhverfu 5. Önnur mál

Málefni	Niðurstaða
1. Skólanámsskrá	Greint frá stöðu mála varðandi skólanámsskrá skólans sem er langt komin. Sýnt dæmi úr námskránni. Ákveðið að finna gátlista sem skólaráð og aðrir yfirlesarar geta haft sér við stuðnings við yfirlestur.
2. Niðurstöður samræmdra prófa	Sigrún kynnti fyrir skólaráði helstu niðurstöður samræmdra prófa 2015. 4.bekkur var yfir landsmeðaltali í bæði íslensku og stærðfræði. Árangur í stafsetningu og ritun hefur aukist í 4.bekk en unnið hefur verið sérstaklega með þessa þætti síðustu 4 ár. Mikil bæting var í stærðfræði í 4.bekk, margir toppar og skólinn langt yfir landsmeðaltali. Í 7.bekk voru nemendur um og yfir landsmeðaltali í bæði stærðfræði og íslensku. Í 10.bekk náðu nemendur góðum árangri í íslensku, ensku og stærðfræði og eru töluvert fleiri toppar en í fyrra og fleiri en á landsvísu.
3. Starfsreglur sérdeildar	Sigrún fór vel yfir starfsreglur sérdeildar með skólaráði. Komin er reglugerð frá ráðuneytinu um að slíkar reglur verði að vera fyrir hendi og gáfu út ákveðin viðmið um þetta.
4. Önnur mál	<ul style="list-style-type: none"> • Rætt að framundan er verkefnið „Skemmtilegar skólalóðir“ en með því er stefnt á að endurbæta skólalóðir. Óskað er eftir greinargerð um hvað er brýnt að bæta. Ákveðið var að halda fund með foreldrafélaginu og nemendaráði í janúar til þess að vinna slíka greinargerð. • Rætt var um áhyggjur foreldra og starfsmanna af öryggi barna á leið til skóla vegna skorts á lýsingu og þörf á fleiri gangbrautarvörðum milli ípróttahús og Digranes og svo niður við hornið á Skálaheiði. Þetta verður skoðað. Einnig er þörf á að moka betur göngustíga við og í kringum skólann. Tekin ákvörðun um að hafa samband við áhaldahúsið og óska eftir mokstri eða koma með tilmæli. • Rætt komu flóttamanna í Kópavog. Þrjú skólar í Kópavogi sem taka við börnum en Álfhólsskóli verður ekki einn þeirra þar sem börnin koma til með að fara í sína heimaskóla. Álfhólsskóli veitir aftur á mót ileiðsögn varðandi móttökur. Horft er til þess að Álfhólsskóli gegni ekki hlutverki móttökuskóla í framtíðinni heldur fari nemendur almennt beint í sína heimaskóla. Álfhólsskóli verður móðurskóli í leiðsögn varðandi móttökur • Nemendur stungu upp á að foreldrar væru með starfskynningar á eigin störfum fyrir nemendur.

Álfhólsskóli

	<ul style="list-style-type: none">• Þrjú ár eru í að fjármagn fáið til að bæta skólahúsnæði og lóð. Ákveðið að hafa opinn skólaráðsfund í byrjun mars seinnipart dags um skólahúsnæði og skólalóð fá starfsmann fra bænum sem sér um húsnæðis framkvæmdir og formann skólanefndar.• Næsti fundur í janúar - viðbótarfundur vegna námskrár.
--	---